



## Eftirlit í Anda í Noregi

AV hefur tekið að sér eftirlit með byggingu vegar og ferjubryggju í Sandane við Norfjord í Sogn- og Fjordane-fylki á þjóðleiðinni frá Bergen til Þrándheims, vegi E 39.

Ferjuhöfnin er á stað sem heitir Anda. Yfir fjörðinn gengur bílferja á hálf tíma fresti allan sólarhringinn, nema klukkustundar fresti á nóttunni. Árlega fara um ein milljón farþega með ferjunni.

Verið er að breikka og færa veginn og gera ný bílastæði. Vegurinn, sem er um 1 km, er í brattri fjallshlíð og þarf að sprengja um 215 þúsund m<sup>3</sup> af klöpp fyrir honum. Vegfyllingar eru um 110 þ. m<sup>3</sup>.



Byggja þarf stoðvegg sem er um 100 metrar á lengd og 16 metra hár. Veggurinn verður allur hlaðinn úr sprengdu grjóti og mikil fylling bak við hann sem verður m.a. undirstaða vegarins á kafla. Taka þarf tillit til umferðarinnar sem má aldrei stöðvast og ferjan verður að halda sinni áætlun.

Nýr viðlegukantur og akstursbrú verða gerð fyrir ferjuna og gamli viðlegukanturinn fjarlægður. Sprengja þarf um 2000 m<sup>3</sup> neðansjávar til að ná 9 m dýpi við bryggjuna og síðan að steypa undirstöður neðansjávar fyrir súlur. Við bílastæðin verður byggð snyrtiaðstaða

og spennistöð. Heildarkostnaður á þessu verki er áætlaður um 70 m NOK eða um 1,5 milljarður ISK. Verkinu á vera lokið haustið 2012.

Hlutverk AV er í umsjón Sveinbjörns Steingrímssonar en hann hefur tækni- og fjárhagseftirlit með verkinu ásamt eftirliti með öryggismálum skv. norskum öryggisreglugerðum.

AV og verktakinn (Mesta) hafa sameiginlega skrifstofuaðstöðu á bryggjunni.



## Aðgengi fyrir alla á E 39 og Fv 552 í Noregi

Nýlega semdi AV við verktakafyrirtækið Løvås Maskin um hönnun á endurbótum á þjóðveginum E 39 og fylkisveginum Fv 552 í Noregi. Um er að ræða vegarkafli í nágrenni sveitarfélaganna Bergen og Os á vesturströnd Noregs. E 39 er meginþjóðvegurinn á vesturströndinni og er með allt að 18 þúsund bíla á sólarhring á vegarkafnanum.

Løvås Maskin var lægstbjóðandi í útboði norsku Vegagerðarinnar (Statens vegvesen) á endurbótum á fjölmörgum biðstöðvum strætisvagna, gangbrautum, lagfæringu á vegamótum o.fl. Um er að ræða alverktöku, þ.e. verktaki sér bæði um hönnun og framkvæmdir.

Við hönnun á þessum endurbótum ber að taka sérstakt tillit til aðgengis fyrir alla (universell utforming), einkum við lagfæringar á biðstöðvum og gangbrautum. Lögd er áhersla á að endurbætt umferðarmannvirki tryggi hreyfihömluðum og sjónskertum aðgengi að strætó. Aðgengi fyrir alla er eitt af meginmarkmiðum norsku Vegagerðarinnar. Hluti af endurbótunum á E 39 og Fv 552 er gerður til þess að auka umferðaröryggi.



## Flughlað við Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Ríkiskaup fyrir hönd Isavia ohf. hafa boðið út malbiksyfirlögn á flughlaði við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Almenna verkfræðistofan er ráðgjafi Isavia við útboðsverkið. Vinna AV felst í hönnun á yfirlögninni og útboðsgagnagerð. Hægt er að nálgast útboðsgögnin á vef Ríkiskaupa, [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is).

Verkið er hluti af almennu viðhaldi á flughlöðum við flugstöðina. Malbik verður lagt ofan á eldra malbik á tveimur svæðum, annað vestanmegin við flugstöðina, um 28.000 m<sup>2</sup>, og hitt austanmegin, um 12.000 m<sup>2</sup>. Verktaki þarf að vinna verkið að kvöld og næturlagi til að trufla ekki umferð flugvéla á flughlaðinu. Áætlað er að verkinu ljúki í lok maí 2011.



Kristveig stóð sig vel í Útsvarinu

## Kristveig í sigurliði Útsvarsins

Norðurþing stóð uppi sem sigurvegari Útsvars, spurningakeppni sveitarfélaganna, en liðið lagði nágranna sína í Akureyri í lokabættinum sem fram fór 1. apríl síðastliðinn. Leikar fóru 75-73. Lokahnykkurinn var geysispennandi og réðust úrslitin á lokaspurningunni.

Lið Akureyrar var með góða forystu lengst af, en Norðurþing stóð uppi sem meistari eftir frábæran lokakafla. Keppnin fór fram í Hofi á Akureyri að viðstöddu fjölmenni og var þátturinn sýndur í beinni útsendingu. Kristveig Sigurðardóttir, skipulagsverkfræðingur hjá Almennu verkfræðistofunni var í liði Norðurþings.



Húsbandið klikkaði ekki frekar enn fyrri daginn

## Árshátíð

Laugardaginn 5. mars var árshátíð Almennu verkfræðistofunnar haldin með pompi og prakt á Nauthóli. Hljómsveit hússins spilaði ljúfa tóna þegar fólk mætti á svæðið og sötraði fordrykkinn.

Á meðan veislugestir gæddu sér á dýrindis mat voru ýmsar uppakomur, ýmist heimatilbúnaðar eða utan- aðkomandi.

Spiluð voru tvö heimatilbúin myndbönd þar sem starfsmenn sýndu á sér nýjar hliðar og komu á óvart í söng og leik. Stjórnarformaður AV fór yfir helstu verkefni fyrirtækisins frá upphafi í tilefni að því að stofan verður fjörutíu ára 16. apríl.



Ari Eldjárn, einn færasti uppstandari landsins

Að lokum kom einn færasti uppstandari landsins, Ari Eldjárn, og kitlaði hláturtaugar veislugesta.

Þegar borðhaldi lauk spilaði Hljómsveit Jakobs Jónssonar fyrir dansi fram eftir nóttu.



"California Rolls" í undirbúningi

## Sushi - námskeið

Fimmtudaginn 31. mars var haldið sushi-námskeið á vegum starfsmannafélagsins. Námskeið fór fram í matsal AV en þar voru mættir fjölmargir starfsmenn ásamt mökum þeirra.

Námskeiðið þótti afar vel heppnað en þar var farið yfir helstu undirstöðuatriði sushi gerðar, val á hráefni og síðast en ekki síst tæknina við að búa til sushi.

Þórir Bergsson kokkur sá um kennsluna og fengu allir að prófa að gera sitt eigið sushi.



Að kennslu lokinni var afrakstrinum rennt niður og þótti bragðið standa undir væntingum.

## NÝIR STARFSMENN



### Hannes Örn Jónsson

er með B.Sc. gráðu í byggingatæknifræði frá VIA University College í Horsens, Danmörku.

Hannes hóf störf á Byggingar- og iðnaðarsviði í mars sl.



### Viðar Helgason

er með M.Sc. gráðu í framkvæmdastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík

Viðar hóf störf á Byggingar- og iðnaðarsviði í mars sl.



### Leifur Örn Leifsson

er með B.Sc. gráðu í byggingartæknifræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Leifur hóf störf á Byggingar- og iðnaðarsviði í apríl.